

Skýrsla

fjármála- og efnahagsráðherra um Dróma hf., samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Með beiðni á þskj. 486 frá Jóni Þór Ólafssyni og fleiri alþingismönnum er þess óskað að fjármála- og efnahagsráðherra flytji Alþingi skýrslu um Dróma hf. Skýrsla þessi er unnin í samstarfi ráðuneytisins við Fjármálaeftirlitið og Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ). Við gerð hennar hefur m.a. verið litið til skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna sem lögð var fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011 og skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna sem skilað var 10. apríl 2014. Þá byggir skýrsla þessi einnig á svörum ráðherra við fyrirspurnum sem áður hafa verið lagðar fram á Alþingi vegna málefna Dróma hf., nú síðast á yfirstandandi löggjafarþingi í tilefni af fyrirspurnum Jóns Þórs Ólafssonar, sbr. þær sem fram koma á þingskjölum 546, 547 og 548.

A. Inngangur.

Í skýrslubeiðninni er þess óskað að ráðherra flytji Alþingi skýrslu um allar ákvarðanir sem opinberir aðilar, þ.m.t. stofnanir ríkisins og dómstólar, hafa tekið varðandi Dróma hf. með vísan í heimildir til slíkra ákvarðana. Af því tilefni er rétt að áréttta að Drómi hf. var ekki fjármálafyrirtæki heldur var félagið stofnað af skilanefnd SPRON hf. á grundvelli ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009. Með hliðsjón af 1. mgr. 54. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, sbr. og 3. mgr. 49. gr. sömu laga, má einnig hafa í huga að *fjármálafyrirtæki í slitameðferð* er ekki ríkisstofnun eða félag sem annast stjórnslu eða veitir opinbera þjónustu (sjá m.a. svar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsemi skilanefnda frá 141. löggjafarþingi 2012 – 2013 (þskj. 653 – 261. mál)).

Ákvörðun *Fjármálaeftirlitsins* frá 21. mars 2009 og aðrar aðgerðir sem eftirlitið framkvæmdi á grundvelli hennar var ætlað að tryggja fjármálastöðugleika, aðgang einstaklinga og fyrirtækja að innstæðum sínum og koma í veg fyrir tjón á fjármáلامarkaði. Í viðauka I með skýrslu þessari er yfirlit yfir ákvarðanir sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið varðandi Dróma hf.

Eins og nánar er vikið að í eftirfarandi köflum fól umrædd ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í sér að innlánsskuldbindingar voru fluttar frá SPRON hf. yfir til Arion banka hf. en til að greiða fyrir flutningnum gaf *fjármálaráðuneytið* út skaðleysisyfirlýsingu þar sem íslenska ríkið gekkst í ábyrgð á greiðslum þess skuldabréfs sem Dróma bar að standa skil á til Arion banka hf. vegna yfirtekinna innstæðna. Yfirlýsingin byggði á fyrri yfirlýsingum stjórnvalda um tryggingu á innstæðum og einnig neyðarlögum. Þar að auki veitti ríkissjóður Arion banka hf. sérstaka lausafjárþyrirgreiðslu sem ætlað var að draga úr áhættu bankans vegna

mögulegs útlæðis innstæðna og gera bankanum kleift að uppfylla kröfur Fjármálaeftirlitsins.

Aðkoma *Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf.*, f.h. dótturfélags þess Hildu ehf., að uppgjöri umrædds skuldabréfs var liður í endurheimtu krafna Seðlabanka Íslands á fallnar fjármálastofnanir sem tengdar voru bankahrununu.

Um einstök atriði sem sett eru fram í fimm töluliðum í skýrslubeiðninni er fjallað í lokakafla þessarar skýrslu.

B. Endurreisn stóru viðskiptabankanna.

Ákvarðanir um ráðstöfun eigna og innstæðna viðskiptabankanna þriggja sem féllu á haustdögum 2008 voru teknar af Fjármálaeftirlitinu á grunni 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. (neyðarlögin). Í 1. mgr. 1. gr. síðarnefndu laganna var fjármálaráðherra veitt heimild til þess að reiða fram fjármagn til að stofna ný fjármálafyrirtæki.

Markmið neyðarlaganna var að tryggja fjármálalegan stöðugleika, stöðva bankaáhlaup og tryggja starfhæft bankakerfi. Í Hæstaréttardómi nr. 340/2011, frá 28. október 2011, var talið með hliðsjón af þeim mikla og fordæmalausanda vanda sem leiddi til setningar laganna að játa þyrfti löggjafanum ríkulegt svigrúm við mat á því til hvaða úrræða gripið skyldi til í því skyni að bregðast við því flókna og hættulega ástandi sem ríkti við lagasetninguna. Ágreiningurinn í málinu varðaði það hvort heimilt hefði verið að vernda innstæður með þeim hætti sem gert var, sbr. einkum 6. og 9. gr. neyðarlaganna. Með hliðsjón af aðsteðjandi hættu á greiðsluþroti viðskiptabankanna og því að fall þeirra gat haft lamandi áhrif á allt efnahagslífið taldi Hæstiréttur að ekki hefði verið sýnt fram á að önnur leið en sú sem varð fyrir valinu hefði verið löggjafanum fær til að ná markmiðum laganna.

Í skýrslu fjármálaráðherra *um endurreisn viðskiptabankanna* sem lögð var fyrir Alþingi í mars 2011 er lýst þeirri atburðarás sem varð í kjölfar þess að ákveðið var að stofna þrjá nýja banka sem tóku yfir innlenda starfsemi hinna föllnu. Fram kemur að yfirfærsla eigna og skulda hafi verið á verksviði Fjármálaeftirlitsins en að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hafi verið stofnandi nýju bankanna. Fjármálaeftirlitinu bar að hlutast til um að gert yrði verðmætamat og voru ráðgjafarfyrirtækin Deloitte í London og Oliver Wyman ráðin til þess verkefnis í loks árs 2008. Mat Deloitte lá fyrir 22. apríl 2009 og var niðurstaða þess á mjög breiðu verðbili þar sem erfitt var að meta eignavirði við þær aðstæður sem þá voru í bankakerfinu (sjá m.a. svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur *um endurreisn bankakerfisins* frá 139. löggjafarþingi (Þskj. 1376 – 626. mál)). Samningaviðræður fóru fram í kjölfarið á milli fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og skilanefnda gömlu bankanna um endurgjald fyrir mismun á virði yfirfluttra eigna og skulda og lauk þeim síðla árs 2009. Litið var svo á að breytingar sem urðu á eignarhlutföllum nýju bankanna með umræddum samningum hafi verið í beinum og órofa tengslum við neyðarlögin, sbr. athugasemdir er fylgdu frumvarpi er síðar varð að lögum nr. 138/2009, um heimild til að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf.

Ástæða þess að ráðist var í umrætt samningsferli voru vandkvæði við að áætla verðmæti eignanna sem fluttar höfðu verið yfir til nýju bankanna auk tortryggni kröfuhafa gömlu bankanna gagnvart matsferlinu. Í lok árs 2008 hafði áhuga orðið vart meðal kröfuhafanna um að endurgjald til gömlu bankanna yrði í formi hlutafjár í nýju bönkunum sem um leið yrði til þess að draga úr áhættu ríkissjóðs vegna reksturs nýju bankanna á þeim óvissutímum sem þá voru uppi.

C. Ástæður sem lágu að baki stofnun Dróma hf.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 um að taka yfir vald hluthafafundar SPRON hf. og skipa félaginu skilanevnd í stað þeirrar stjórnar sem vikið var frá var reist á grunni neyðarlaganna, sbr. einnig 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Umrætt lagaákvæði var að hluta til numið úr gildi með lögum nr. 44/2009 en tímabundið ákvæði lögfest þess í stað, sbr. ákvæði VI til bráðabirgða í lögum um fjármálafyrirtæki. Bráðabirgðaákvæðið, sem var að mestu leyti samhljóða hinu fyrra, rann sitt skeið þann 31. desember 2013 en hafði áður verið framlengt í þriggung, sbr. 55. gr. laga nr. 75/2010, 9. gr. laga nr. 78/2011 og 10. gr. laga nr. 77/2012. Ákvörðun löggjafans um að framlengja ákvæðið kom til vegna óvissu um framvindu íslensks fjármálakerfis á umræddu tímabili. Með lögum nr. 29/2014 var bráðabirgðaákvæðið lögfest á ný til loka árs 2015 vegna tafa við gerð nýrrar tilskipunar um skilameðferð fjármálafyrirtækja innan ESB og áhrifa sem þær tafir hafa haft á undirbúning innleiðingar tilskipunarinnar hér á landi.

Ástæða þess að Fjármálaeftirlitið yfirtók rekstur SPRON hf. var sú að stofnunin taldi að félagið uppfyllti ekki skilyrði til að vera með gilt starfsleyfi vegna viðvarandi eiginfjárvanda og lausafjárskorts. Fjármálaeftirlitið taldi að félagið væri ófært um að standa við skuldbindingar sínar og var því gripið til samhæfðra aðgerða í því skyni að verja hagsmuni innstæðueigenda og hindra að tjón hlytist af á fjármálamarkaði. Í fjórða bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna er gerð grein fyrir þeirri aðkomu sem fjármálaráðuneytið og Seðlabankinn höfðu að viðræðum um eiginfjár- og lausafjárvanda sjóðsins í aðdraganda yfirtökunnar.

Á grundvelli ákvörðunar sinnar fór Fjármálaeftirlitið þess á leit að Arion banki hf., þá Nýi Kaupþing banki hf., tæki við innstæðum SPRON hf. í því skyni að tryggja aðgang innstæðueigenda að fjármunum sínum. Með ákvörðuninni var skilanevnd SPRON hf. falið að stofna hlutafélag, er fékk nafnið Drómi hf., sem átti að taka við öllum eignum félagsins og tryggingaréttindum en þá lá fyrir að fjármálaráðherra myndi ekki nýta heimild skv. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 125/2008 til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eins og gert var í tilviki föllnu bankanna. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem rannsakaði aðdraganda og orsakir erfiðleika og falls sparisjóðanna er haft eftir Gylfa Magnússyni, fyrrv. efnahags- og viðskiptaráðherra, við skýrslugjöf þann 26. september 2013, að málið hafi verið kynnt á þann veg að eftir að innstæður höfðu verið fluttar til Arion banka hf. hlyti næsta skrefið að vera að bankinn og skilanevnd SPRON hf. semdu sín á milli um að eignasafnið færi á milli á einhverju matsverði. Þau áform gengu hins vegar ekki eftir fyrr en í árslok 2013 þegar skuldabréf Dróma var gert upp með aðkomu Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf.

Aðferðin sem beitt var við uppgjörið á SPRON hf. árið 2009 fól í sér að ekki þurfti að fara fram sambærilegt verðmat og samningsferli vegna yfirtekinna eigna og skulda og framkvæmt var við endurreisn viðskiptabankanna. Þessi leið hafði einnig í för með sér að ríkið þurfti ekki að reiða fram eiginfjárframlag til stofnunar nýs fjármálafyrirtækis eins og gert var í tilviki nýju bankanna. Uppgjörsaðferðin var því að verulegu leyti mörkuð af því að takmarka áhættu ríkissjóðs á tímum óvissu í fjármálakerfinu.

Áhætta ríkissjóðs vegna ábyrgðar á greiðslu skuldabréfs þess sem Drómi gaf út til Arion banka hf. var ekki talin veruleg þar sem eignirnar sem bréfið var tryggt með veði í voru taldar nema 110% til 140% af verðgildi innstæðna sem fluttar höfðu verið til Arion banka hf. Til grundvallar útreikningi á 140% veðhlutfalli lá mat skilanefndar og slitastjórnar sem í árslok 2009 töldu virði eignasafnsins nema um 169 ma. kr. Af þeirri fjárhæð voru 45 ma. kr. veðsett Seðlabanka Íslands og því talið að verðmæti eigna veðsettra Arion banka hf. næmi um 124 ma. kr.

Um lögmæti þeirra ákvarðana sem lágu til grundvallar yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á SPRON hf. hefur verið fjallað af Hæstarétti, sbr. dóma í málum nr. 85/2013 og 55/2013 sem

kveðnir voru upp 6. júní 2013.¹ Þar reyndi m.a. á hvort Fjármálaeftirlitið hafi gætt lögmætra sjónarmiða við ákvörðun á vaxtakjörum skuldabréfsins sem gefið var út í kjölfar þess að innstæður SPRON hf. voru fluttar til Arion banka hf. Hæstiréttur taldi svo vera með vísan til bráðabirgðaákvæðis VI. í lögum um fjármálafyrirtæki (áður 100. gr. a laganna). Þá hefur í svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Jóns Þórs Ólafssonar *um stofnun Dróma hf. og ráðstöfun eigna og réttinda SPRON* frá 143. löggjafarþingi (þskj. 546 – 253. mál) verið vakin athygli á því að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafi að greindum skilyrðum talið fyrirgreiðsluna sem veitt var í tengslum við yfirtöku Arion banka hf. á innstæðum SPRON hf. í samræmi við reglur EES um ríkisaðstoð.

D. Uppgjör skuldar Dróma hf. við Arion banka hf.

Félagið Drómi hf. var stofnað af SPRON hf. á grundvelli ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 í því skyni að halda utan um eignir SPRON hf., þ.m.t. veðréttindi og ábyrgðir, og til að taka yfir skuldbindingar samkvæmt skuldabréfi sem gefa átti út til Arion banka hf. vegna innstæðna og annarra tilgreindra skuldbindinga sem Fjármálaeftirlitið ákvað að flytja frá SPRON hf. til Arion banka hf. að höfðu samráði við skilanefnd SPRON hf., kröfuhafa, Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytið.

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins kom fram að vextir skuldabréfsins skyldu standa undir kostnaði og áhættu Arion banka hf. vegna yfirfærslunnar á innstæðunum auk þess sem hagsmunir bankans skyldu tryggðir með viðeigandi skilmálum í trygginga- og lánskjöllum. Samningar á milli Arion banka hf. og Dróma hf. um endurgreiðslu skuldarinnar voru gerðir 22. júní 2009 en þar sem aðilar náðu ekki saman um vaxtakjörin áttu þau að ráðast af ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins. Um lögmæti þeirra ákvarðana var sem fyrr greinir fjallað í framangreindum Hæstaréttardómum.

Upphafleg fjárhæð skuldarinnar, sem var í formi skuldabréfs, var 96,7 ma. kr. og var það tryggt með veði í öllum eignum Dróma hf. ásamt hlutfjáreign SPRON hf. í félaginu. Með rammksamkomulagi frá 17. júlí 2009 skuldbatt íslenska ríkið sig til þess að taka á sig ábyrgð á greiðslum skuldarinnar og var sú ráðstöfun gerð á grunni yfirlýsinga fyrri ríkisstjórnar um allsherjarábyrgð á innstæðum og ákvæða í neyðarlagögunum um forgang innstæðna. Með samkomulagi frá 21. september 2009 hét íslenska ríkið því enn fremur að veita Arion banka hf. lánaþyrirgreiðslu í formi ríkisskuldabréfa fyrir allt að 75 ma. kr., sem aðeins var heimilt að nýta til öflunar lausafjár með veðlánaviðskiptum við Seðlabankann. Fyrirgreiðslunni var ætlað var að draga úr áhættu af hugsanlegu útstreymi innlána og um leið tryggja að Arion banki hf. fullnægði kröfum Fjármálaeftirlitsins.²

Lokagjalddagi skuldabréfsins sem gefið var út til handa Arion banka hf. var ekki tiltekinn en skilmálar þess gerðu ráð fyrir að þann 5. júlí 2014 og 5. júlí ár hvert eftir það gæti Arion banki hf. óskað eftir uppgjöri á eftirstöðvum skuldabréfsins. Nokkrar áhyggjur voru af því þegar á leið að eftirstöðvarnar á þeim tímamarki sem Arion banki hf. kynni að fara fram á uppgjör gætu leitt til þess að eignir Dróma hf. myndu ekki duga fyrir eftirstöðvum af skuldabréfinu en undir lok árs 2013 námu þær um 70 ma. kr.

Þann 6. desember 2013 gerðu Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. ásamt dótturfélagi þess Hildu ehf. og Arion banki hf. annars vegar og ESÍ og slitastjórn SPRON hf. hins vegar með

¹ Sjá einnig Hrd. nr. 327/2013 og nr. 328/2013 sem kveðnir voru upp sama dag.

² Sjá m.a. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 291/12/COL frá 11. júlí 2012, um aðstoð sem veitt var vegna endurskipulagningar Arions banka. Ákvörðunin birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28 frá 15. maí 2014. Í kafla 3.4.5. í I.hluta ákvörðunarinnar er fjallað um samninginn um yfirtöku á innlánum SPRON:

<http://www.efta.int/sites/default/files/documents/eea-supplements/icelandic/2014-is/su-nr-28-is-15-05-2014.pdf#page=108>

sér samkomulag sem lagði grunninn að uppgjöri skuldar Dróma hf. Samkomulagið fól í sér að ESÍ yfirtók nánast allar eignir Dróma hf. gegn greiðslu á skuld Dróma hf. við Arion banka hf. ESÍ gerði í kjölfarið upp skuldina við Arion banka hf., með framsali á lánasöfnum, nánar tiltekið einstaklingslánnum sem voru eða höfðu verið veðsett Arion banka hf. auk þess sem bankinn átti forkaupsrétt á þeim. Eftirstöðvar skuldarinnar voru gerðar upp með reiðufé. Um var að ræða reiðufé sem ESÍ fékk framselt frá Dróma hf. Í fréttatilkynningu Seðlabankans frá 30. desember 2013 kemur fram að skuldin hafi greiðst upp að fullu með þeim eignum SPRON sem lagðar höfðu verið til Dróma hf., m.a. einstaklingslánnum. Með samkomulaginu var grunnur lagður að endalokum Dróma hf. og um leið féll niður ábyrgð ríkisins á skuldbindingum félagsins (sjá m.a. svar fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Jóns Þórs Ólafssonar *um rekstur Dróma hf.* frá 143. lögjafarþingi (þskj. 548 – 255. mál)). Samkomulagið tryggði einnig að úrvinnsla eigna Dróma hf. og uppgjör á áðurnefndri skuld Dróma hf. við Arion banka hf. færi fram með það að markmiði að tryggja skaðleysi ríkissjóðs og hámarka endurheimtur ESÍ.

E. Hlutverk slitastjórnar SPRON og tengsl við stjórn Fjármálaeftirlitsins.

Skipun skilanefndar SPRON hf. byggði á 5. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. (neyðarlögin). Með lögum nr. 44/2009 sem fölu í sér breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki varð skilanefnd SPRON hf. að bráðabirgðastjórn og að beiðni hennar skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur þann 23. júní 2009 félaginu þriggja manna slitastjórn.

Um hlutverk slitastjórna er m.a. fjallað í athugasemdum er fylgdu 7. gr. þess frumvarps er varð að lögum nr. 44/2009, um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki: *„Staða slitastjórnar er sambærileg stöðu skiptastjóra samkvæmt lögum nr. 21/1991 (um gjaldþrotaskipti o.fl.), en í því felst að kröfuhafafundur getur ekki gefið slitastjórn fyrirmæli um ráðstafanir. Slitastjórn tekur ákvarðanir sem hún telur réttar í þágu hagsmuna fjármálafyrirtækis. Oftast yrðu það ákvarðanir í þágu hagsmuna kröfuhafa, en slíkt er þó ekki algilt. Ef kröfuhafar telja að slitastjórn í heild eða einstakir menn í henni sinni ekki skyldum sínum eða brjóti rétt á þeim stendur þeim opið að neyta þeirra úrræða sem greinir í 76. gr. laga nr. 21/1991, þ.e. að bera sig upp við héraðsdómara með þeim hætti sem þar er greint. Slíkt getur endað með því að héraðsdómari viki slitastjórn eða einstökum mönnum úr henni með úrskurði og skipi þá nýjan í hans eða þeirra stað.“* Af tilvitnuðu orðalagi má ráða að störf slitastjórna eru að meginstefnu til framkvæmd undir eftirliti kröfuhafa og dómstóla.

Með lögum nr. 78/2011, um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem tóku gildi 29. júní 2011, var Fjármálaeftirlitinu falið að annast eftirlit með því að viðskipti og ráðstöfun eigna fjármálafyrirtækis sem stýrt væri af slitastjórn væri í samræmi við reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur, sbr. nú 2. mgr. 101. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Samkvæmt ákvæðinu ber Fjármálaeftirlitinu einnig að viðhafa eftirlit með viðskiptum slitastjórna við einstaka aðila sem sitja í slitastjórn, eða aðila í nánnum tengslum við slíka aðila. Sjá einnig umfjöllun um fimmta tölulið í kafla F.

Í kafla F eru nefndir þeir einstaklingar sem skipaðir voru í skilanefnd 21. mars 2009, einstaklingar sem skipaðir voru í slitastjórn 23. júní 2009 og þeir einstaklingar sem setið hafa sem stjórnarmenn í Dróma hf. og tengdum félögum, sbr. umfjöllun um fjórða tölulið skýrslubeiðninnar. Eftirtaldir stjórnarmenn Fjármálaeftirlitsins sátu þann stjórnarfund sem tók ákvörðun um yfirtöku SPRON hf. og skipun skilanefndar 21. mars 2009. Fundinn sátu tveir af þremur stjórnarmönnum Fjármálaeftirlitsins þau Gunnar Haraldsson formaður og Kristín Haraldsdóttir. Settur forstjóri Fjármálaeftirlitsins var Ragnar Hafliðason. Eins og fram kemur í viðauka með þessari skýrslu tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvarðanir um fjórar

breytingar á upphaflegri ákvörðun í apríl og maí 2009 og sátu þá stjórnarfundir eftirtaldir stjórnarmenn: Gunnar Haraldsson formaður, Kristín Haraldsdóttir og Jón Þ. Sigurgeirsson.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um að stjórnunar- og eignatengsl hafi verið á milli stjórnar Fjármálaeftirlitsins sem tók ákvörðun um skipan skilaneftar SPRON hf. og þeirra einstaklinga sem þáðu skipun í skilaneft/bráðabirgðastjórn og síðar slitastjórn SPRON hf. Meðferð eignasafns Dróma hf. var í höndum stjórnar félagsins þar sem í sátu fulltrúar slitastjórnar SPRON hf.

F. Atriði sem óskað er sérstakra upplýsinga um.

Í þessum kafla er fjallað nánar um þá þætti sem sérstaklega var óskað eftir að upplýst yrði um. Umfjöllun byggist að mestu á upplýsingum sem aflað var frá Fjármálaeftirlitinu. Óskað var að upplýst yrði sérstaklega um eftirfarandi:

1. Hvers vegna tekin var ákvörðun um að stofna Dróma hf. en ekki farin sambærileg leið og gert var með aðra banka og lánastofnanir.

Hér vísast til umfjöllunar í kafla B. og C.

2. Kostnað við að skipta inneignum og útlánnum, þ.e. kostnað við skuldabréf sem greitt er vegna innlána til Arion banka, hversu mikið Arion banki hefur hagnast á þessari ráðstöfun og hversu mikill kostnaður Dróma hf. er af skuldabréfinu.

Fram kemur í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins frá 5. júní 2009 og 4. febrúar 2011 vegna ágreinings um vaxtakjör og vaxtagreiðslur milli NKB hf./Arion banka hf og Dróma hf. af skuld Dróma hf. vegna yfirtekinna innstæðuskuldbindinga SPRON hf. að skuldin skuli bera ársvexti, sem skulu vera jafnir eins mánaðar vöxtum á íslenskum millibankamarkaði (REIBOR vöxtum) að viðbættu 1,75% vaxtaálagi frá yfirtökudegi til og með 30. júní 2010, en án vaxtaálags frá þeim tíma þar til skuldin hefur verið að fullu greidd upp. Upplýsingar um daglega stöðu 1 mánaðar REIBOR vaxta má finna á vefsíðu Seðlabanka Íslands.

Við ákvarðanir um ofangreind vaxtakjör hafði Fjármálaeftirlitið hliðsjón af röksemdum aðila um vaxtakjör og vaxtagreiðslur og að vextir skuldabréfsins myndu standa undir kostnaði og áhættu vegna hinna yfirteknna innstæðuskuldbindinga. Við undirbúning að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 5. júní 2009 vegna ágreinings um vaxtakjör létu aðilar málsins eftirlitinu ekki í té upplýsingar um meðalvaxtakostnað hinna yfirteknna innlána. Hins vegar lá fyrir að á þeim tímamarki voru hæstu innlánsvextir sem Nýi Kaupþing banki bauð upp á 8,5% og þeir lægstu um 0,5% en vextir skuldabréfsins á sama tímamarki, eftir ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, voru 11,05% (REIBOR 9,3% + 1,75% vaxtaálag). Varðandi nánari rökstuðning fyrir ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um vaxtakjör skuldabréfsins vísast til umræddra ákvarðana Fjármálaeftirlitsins frá 5. júní 2009 og 4. febrúar 2011, sjá sérstaklega kafla V í síðarnefndu ákvörðuninni. Ákvarðanirnar koma fram í viðauka II og III við skýrslu þessa.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki upplýsingar um stöðu umrædds skuldabréfs á hverjum tíma en á grundvelli slíkra upplýsinga og að gefnum ofangreindum upplýsingum um vaxtakjör væri hægt að reikna út vaxtakostnað Dróma af skuldabréfinu frá 21. mars 2009 til desember 2013 þegar skuldabréfið var greitt upp.

Hvað varðar vaxtakostnað Arion banka hf. af yfirteknnum innlánnum þá býr Fjármálaeftirlitið ekki yfir þeim upplýsingum sbr. umfjöllun hér á undan. Arion banki er eini aðilinn sem býr yfir upplýsingum um vaxtakostnað yfirtekinna innlána á tímabilinu frá 21. mars 2009 til desember 2013.

3. Hvers vegna ríkisábyrgð er á skuldabréfi útgefnu af Dróma hf. til greiðslu til Arion banka og hver sé vaxtamunur á skuldabréfinu til Arion banka og vöxtum á innlánnum þeim sem fóru í Arion banka og skuldabréfinu er ætlað að bera kostnað af?

Ábyrgð íslenska ríkisins á greiðslum skuldabréfsins átti að greiða fyrir flutningi innstæðna til Arion banka og var ráðstöfunin gerð á grunni yfirlýsingar fyrri ríkisstjórnar um allsherjarábyrgð á innstæðum sem gefin var út samhliða gerð neyðarlaganna. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 6. nóvember 2012, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna, sbr. dóm í máli nr. 55/2013, var lagt til grundvallar að skaðleysi Arion banka vegna yfirtökunnar hafi í kjölfar ráðstöfunarinnar verið betur tryggt þar sem umrædd yfirlýsing ríkisstjórnarinnar hafi verið beint til innstæðueigenda en ekki fjármálaþyrtingar.

Fjármálaeftirlitið býr sem fyrr greinir ekki yfir upplýsingum um vaxtakostnað Arion banka hf. af yfirteknum innlánnum. Rétt þykir þó að vekja athygli á dómi Hæstaréttar í máli nr. 85/2013 þar sem reyndi á hvort ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 4. febrúar 2011 um endurskoðun vaxtakjara skuldabréfsins hefði verið reist á lögmatum/málefnalegum sjónarmiðum. Ákvörðunin fól í sér að 1,75% vaxtaálag, sem lagt hafði verið á grunnvexti skuldabréfsins (REIBOR), var fellt niður frá og með 1. júlí 2010 á þeirri forsendu að dregið hefði úr áhættu Arion banka hf. vegna innlánanna frá því að upphafleg ákvörðun um vaxtakjörin var tekin 5. júní 2009. Var í því sambandi bent á að íslenska ríkið hefði síðan þá gengið í ábyrgð fyrir greiðslum skuldabréfsins og veitt sérstaka lausafjárþyrtingu auk þess sem upplýsingar bentu til að kostnaður Arion banka af innlánunum væri orðinn lægri en tekjur bankans af skuldabréfinu.

4. Slitastjórnir við slitameðferð Frjálsa fjárfestingarbankans og SPRON, hverjir sitji í þeim slitastjórnnum og öðrum stjórnnum og hver kostnaður hafi verið vegna þessara stjórna, jafnt kostnaður slitastjórna sem annar kostnaður.

Eftirfarandi voru skipuð í skilanefnd SPRON þann 21. mars 2009: Hlynur Jónsson hdl., formaður, Davíð Arnar Einarsson löggiltur endurskoðandi, Feldís Lilja Óskarsdóttir hdl., Guðrún Torfhildur Gísladóttir löggiltur endurskoðandi og Jóhann Pétursson hdl.

Með lögum nr. 44/2009, sem tóku gildi 22. apríl 2009, um breytingu á lögum um fjármálaþyrtingu, var skilanefnd breytt í bráðabirgðastjórn, sem hafði sömu hlutverkum að gegna og skilanefnd.

Þann 23. júní 2009 skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur eftirfarandi aðila í slitastjórn SPRON sem leysti af hólmi bráðabirgðastjórnina: Hlynur Jónsson hdl., Hildur Sólveig Pétursdóttir hrl. og Jóhann Pétursson hdl.

Samkvæmt upplýsingum Fjármálaeftirlitsins hafa eftirfarandi einstaklingar verið í stjórn Dróma hf., slitastjórn Frjálsa hf. og Spron verðbréfa hf.: Hlynur Jónsson, hdl., Hildur Sólveig Pétursdóttir, hrl. og Jóhann Pétursson hdl. Eftirtaldir aðilar voru í stjórn Dróma en eru þar ekki lengur: Magnús Steinþór Pálmarsson og Þorsteinn Rafn Johnsen.

Í slitastjórn Rekstrarfélags SPRON var Jóhann Pétursson hdl.

Í tengslum við framangreint er vakin athygli á því að unnið er að samruna Frjálsa hf., SPRON-Verðbréf hf. og Rekstrarfélags Spron hf. við Dróma hf.

Í kjölfar gildistöku laga nr. 44/2009 þann 22. apríl 2009 varð sú breyting að kostnaður vegna greiðslna til aðila í slitastjórn (áður skilanefnd) greiðist af slitafélögunum sjálfum en ekki Fjármálaeftirlitinu. Varðandi kostnaður vegna slitastjórna liggja fyrir eftirfarandi samandregnar upplýsingar úr ársreikningum Dróma hf. og tengdra félaga:

Laun	1.473	m.kr.
Launatengd gjöld	396	m.kr.

Annar rekstrarkostnaður	3.841	m.kr.
Endurheimt kostnaðar	-1.118	m.kr.
Afskriftir rekstrarfjármuna	770	m.kr.
Samtals:	5.362	m.kr.

Ofangreindar kostnaðartölur eru unnar uppúr ársreikningum eftirtalinna hlutafélaga. Um er að ræða rekstrarkostnað umræddra félaga en ekki kemur fram sem sérgreindur liður kostnaður vegna slitastjórna né önnur sundurliðun á kostnaði samkvæmt ársreikningunum. Ársreikningar félaganna vegna ársins 2013 liggja ekki fyrir hjá Fjármálaeftirlitinu. Tilgreindur kostnaður slitafélaganna er alfarið borinn af þeim sjálfum en ekki af Fjármálaeftirlitinu eða rikissjóði.

- Drómi hf. fyrir árin 2009 (frá 21. mars 2009) til og með 2012 (dótturfélögin Steinsnes ehf., Rekstrarfélag SPRON hf. og SPRON Factoring mynda samtæðu Dróma),
- Frjálsi hf. fyrir árin 2010 til og með 2012 (ekki lágu fyrir upplýsingar um kostnað fyrir tímabilið 21.mars til 31. des. 2009), og
- Spron Verðbréf hf. fyrir árin 2010 til og með 2012 (ekki lágu fyrir upplýsingar um kostnað fyrir tímabilið 21. mars til 31. des. 2009).

5. Viðskipti stjórnarmanna í slitastjórnnum við eigin fyrirtæki

Eins og vikið er að í kafla E var Fjármálaeftirlitinu samfara breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 78/2011, sbr. nú 2. mgr. 101. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, falið að hafa eftirlit með viðskiptum og ráðstöfun eigna fjármálafyrirtækis sem stýrt er af slitastjórn og jafnframt með viðskiptum slitastjórnar við einstaka aðila sem sitja í slitastjórn, eða aðila í nánnum tengslum við slíkan aðila..

Fjármálaeftirlitið hefur í samræmi við framangreint ákvæði óskað eftir upplýsingum og gögnum frá slitastjórnnum fjármálafyrirtækja í slitameðferð, m.a. frá aðilum í slitastjórnnum SPRON og tengdra félaga. Öflun framangreindra upplýsinga hefur til þessa ekki gefið tilefni til athugasemda af hálfu Fjármálaeftirlitsins.

Viðauki I.

- Ákvarðanir í tengslum við ráðstöfun eigna og skulda SPRON:
 - 21. mars 2009, ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda SPRON
 - <http://www.fme.is/media/akvardanir/21.-mars-2009.pdf>
 - 5. apríl 2009, ákvörðun um breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 um ráðstöfun eigna og skulda SPRON.
 - <http://www.fme.is/media/akvardanir/5.-april-2009.pdf>
 - 17. apríl 2009, ákvörðun um aðra breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 um ráðstöfun eigna og skulda SPRON.
 - <http://www.fme.is/media/akvardanir/17-04-09-2009030080.pdf>
 - 25. maí 2009, ákvörðun um þriðju breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 um ráðstöfun eigna og skulda SPRON.
 - <http://www.fme.is/media/akvardanir/25.-mai-2009.pdf>
 - 29. maí 2009, ákvörðun um fjórðu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 um ráðstöfun eigna og skulda SPRON.
 - <http://www.fme.is/media/akvardanir/29.-mai-2009.pdf>
- Ákvarðanir í tengslum við viðskiptahætti Dróma hf. og innheimtustarfsemi:
 - Ábendingar og athugasemdir til Dróma hf. vegna ýmissa þátta í tengslum við viðskiptahætti, sbr. gagnsæistilkynning FME, dags. 21. nóvember 2012:
 - <http://www.fme.is/media/gagnsaei/Gagnsaeistilkynning---Dromi-21.11.pdf>
 - Ákvörðun FME um afléttingu veðbanda, sbr. gagnsæistilkynning, dags. 29. október 2013:
 - http://www.fme.is/media/gagnsaei/Dromi_gagnsaeistilkynning-29.10.-2013.pdf
 - Sáttargerð vegna innheimtustarfsemi Dróma hf., sbr. gagnsæistilkynning FME, dags. 12. nóvember 2013:
 - <http://www.fme.is/media/gagnsaei/Dromi-12.11-2013-gagnsaei.pdf>
- Vaxtaákvarðanir:
 - Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins vegna ágreinings um vaxtakjör og vaxtagreiðslur milli nýja Kaupþings banka hf. og Dróma hf., dags. 5. júní 2009
 - Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins vegna ágreinings um vaxtakjör og vaxtagreiðslur milli Arion banka hf. og Dróma hf. vegna samnings um endurgreiðslu skuldar sem gerður var í kjölfar yfirtöku Arion banka hf. á innstæðum í SPRON hf., dags. 4. febrúar 2011. Þessi ákvörðun fór fyrir Hæstarétt, sjá hér:
 - <http://www.haestirettur.is/domar?nr=8900>
 - <http://www.haestirettur.is/domar?nr=8902>
- Aðrar ákvarðanir:
 - Erindisbréf um skipan í skilanevnd Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., dags. 21. mars 2009.
 - Ákvörðun um að heimila flutning á hreyfisögu innlána – júní 2009
 - Ákvörðun um að heimila aðgang að greiðslusögu og viðskiptasögu útlánasafns SPRON sem og upplýsingar um allar fyrirgreiðslur og tryggingar einstakra viðskiptamanna. Var gert vegna þjónustusamnings

milli Arion og SPRON vegna úrvinnslu á útlánum SPRON. September 2009

- Viðmiðunarreglur – heimildir bráðabirgðastjórnar SPRON hf. til ráðstöfunar eigna án samþykkis Fjármálaeftirlitsins, dags. 28. apríl 2009.

Viðauki II.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

vegna ágreinings um vaxtakjör og vaxtagreiðslur milli Nýja Kaupþings banka hf. og Dróma hf.

FORSENDUR:

Þann 21. mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda SPRON hf. (nefnd „fyrri ákvörðun“ nema annað sé tekið fram). Í umræddri ákvörðun kom m.a. fram að dótturfélag (Drómi hf.) sem stofnað yrði og væri í eigu SPRON gæfi út skuldabréf til handa Nýja Kaupþingi banka hf. sem endurgjald fyrir hinar yfirteknu innstæðuskuldbindingar skv. 1. tl., sbr. 2. tl. ákvörðunarinnar og ábyrgist hinar yfirteknu ábyrgðir skv. 3. tl. hennar. Þá skyldu allar eignir hins nýja dótturfélags SPRON, þ.e. Dróma hf., veðsettar til tryggingar fyrir skuldabréfinu sem og hlutabréf í dótturfélaginu. Þá var einnig tiltekið að vextir skuldabréfsins skyldu standa undir kostnaði og áhættu vegna þessa gjörnings. Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 17. apríl 2009, um aðra breytingu á fyrri ákvörðun, var jafnframt tilgreint að ef ágreiningur væri með aðilum myndi Fjármálaeftirlitið skera úr honum.

Þann 29. maí 2009 varð Fjármálaeftirlitinu ljóst að aðilar hefðu ekki náð samkomulagi um vaxtakjör og vaxtagreiðslur. Fjármálaeftirlitinu barst í framhaldinu erindi frá Nýja Kaupþing banka hf., dags. 29. maí 2009, og bráðabirgðarstjórn SPRON, dags. 29. maí og 2. júní 2009, í tengslum við röksemdir aðila fyrir vaxtakjörum og vaxtagreiðslum á endurgjaldinu.

Fjármálaeftirlitið hefur nú tekið málið til skoðunar m.a. með hliðsjón röksemdum aðila um vaxtakjör og vaxtagreiðslur. Við úrlausn málsins leit Fjármálaeftirlitið einkum á það að vextir skuldabréfsins myndu standa undir kostnaði og áhættu vegna þessa gjörnings.


ÁKVÖRÐUN:

Það er ákvörðun Fjármálaeftirlitsins að skuldin skuli bera ársvexti, sem skulu vera jafnir eins mánaðar vöxtum á íslenskum millibankamarkaði (REIBOR vöxtum eins og þeir eru skráðir af Seðlabanka Íslands skv. 7. gr. reglna Seðlabanka Íslands nr. 177 frá 16. mars 2000 um viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum) að viðbættu 1,75% vaxtaálagi frá þeim tíma þar til skuldin hefur verið að fullu greidd upp. Vextir skulu reiknast frá yfirtökudegi innlána og skulu greiðast mánaðarlega inn á reikning sem kröfuhafi tilgreinir. Vextir reiknast þannig að á ársgrundvelli er margfaldað með fjölda daga og deilt í með 360.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka ákvörðun þessa til endurskoðunar að beiðni aðila á sex mánaða fresti og þá að teknu tilliti til aðstæðna á fjármálamarkaði, þróunar á yfirteknum innlánnum, kostnaði og áhættu sem Nýja Kaupþing hf. tekur á sig, sem og öðrum atvikum.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

5. júní 2009


Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar


Gunnar P. Andersen
Forstjóri

Tilvísun: 2009030080

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

vegna ágreinings um vaxtakjör og vaxtagreiðslur milli Arion banka hf. og Dróma hf. vegna samnings um endurgreiðslu skuldar sem gerður var í kjölfar yfirtöku Arion banka hf. á innstæðum í SPRON hf.

I. Tildrög málsins

Þann 21. mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. (SPRON hf.) á grundvelli heimildar í þágildandi 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 (nú VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009). Í umræddri ákvörðun kom m.a. fram að félag sem stofnað yrði og væri í eigu SPRON hf., þ.e. Drómi hf., tæki við öllum eignum sparisjóðsins og jafnframt öllum tryggingarréttindum, þ.m.t. öllum veðréttindum, ábyrgðum og öðrum sambærilegum réttindum sem tengdust kröfum sjóðsins. Þá var tilgreint að Drómi hf. yfirtæki skuldbindingu gagnvart Nýja Kaupþingi banka hf. (nú Arion banki hf.) vegna yfirtöku á innstæðuskuldbindingum sparisjóðsins og gæfi út skuldabréf til handa Arion banka hf. sem endurgjald fyrir hinar yfirteknu innstæðuskuldbindingar samkvæmt 1. tl., sbr. 2. tl. ákvörðunarinnar og ábyrgðist hinar yfirteknu ábyrgðir skv. 3. tl. hennar. Þá skyldu allar eignir Dróma hf. veðsettar til tryggingar fyrir skuldabréfinu sem og hlutabréf í Dróma hf. Þá var einnig tiltekið að vextir skuldabréfsins skyldu standa undir kostnaði og áhættu vegna þessa gjörnings og að hagsmunir veðhafans væru tryggðir með viðeigandi skilmálum í trygginga- og lánaskjölum. Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 17. apríl 2009, um aðra breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 21. mars 2009 um ráðstöfun eigna og skulda SPRON hf., var jafnframt tilgreint að ef ágreiningur yrði með aðilum myndi Fjármálaeftirlitið skera úr honum.

II. Fyrri ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um vaxtakjör og vaxtagreiðslur

Þann 29. maí 2009 varð Fjármálaeftirlitinu ljóst að aðilar hefðu ekki náð samkomulagi um vaxtakjör og vaxtagreiðslur. Fjármálaeftirlitinu barst í framhaldinu erindi frá Nýja Kaupþing banka hf., dags. 29. maí 2009, og bráðabirgðastjórn SPRON, dags. 29. maí og 2. júní 2009, í tengslum við röksemdir aðila fyrir vaxtakjörum og vaxtagreiðslum á endurgjaldinu. Tók Fjármálaeftirlitið í framhaldinu ákvörðun um vaxtakjör og vaxtagreiðslur þann 5. júní 2009 með hliðsjón af þeim röksemdum. Var ákvörðun Fjármálaeftirlitsins svohljóðandi:

Það er ákvörðun Fjármálaeftirlitsins að skuldin skuli bera ársvexti, sem skulu vera jafnir eins mánaðar vöxtum á íslenskum millibankamarkaði (REIBOR vöxtum eins og þeir eru skráðir af

Seðlabanka Íslands skv. 7. gr. reglna Seðlabanka Íslands nr. 177 frá 16. mars 2000 um viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum) að viðbættu 1,75% vaxtaálagi frá þeim tíma þar til skuldin hefur verið að fullu greidd upp. Vextir skulu reiknast frá yfirtökudegi innlána og skulu greiddast mánaðarlega inn á reikning sem kröfuhafi tilgreinir. Vextir reiknast þannig að á ársgrundvelli er margfaldað með fjölda daga og deilt í með 360.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka ákvörðun þessa til endurskoðunar að beiðni aðila á sex mánaða fresti og þá að teknu tilliti til aðstæðna á fjármálamarkaði, þróunar á yfirteknum innlánnum, kostnaði og áhættu sem Nýja Kaupþing hf. tekur á sig, sem og öðrum atvikum.

Að beiðni aðila sendi Fjármálaeftirlitið bréf, dags. 9. nóvember 2009, þar sem gerð var grein fyrir þeim forsendum sem lágu til grundvallar ákvörðuninni. Í bréfinu var sérstaklega tekið fram að áður en Fjármálaeftirlitið tók umrædda ákvörðun hefði verið leitað eftir sjónarmiðum beggja aðila og þau sjónarmið vegin og metin miðað við þann gerning sem um hefði verið að ræða auk þess sem litið hefði verið til markaðsaðstæðna. Þau rök og sjónarmið sem fram komu í bréfi Fjármálaeftirlitsins og lögð voru til grundvallar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins voru eftirfarandi:

- *Þær forsendur sem NKB gefur sér í vaxtakjörum (þ.e. stýrivexir Seðlabankans) eru að mati FME of háir meðal annars með tilliti til að innlánsvextir hjá Seðlabankanum eru 9,5%, sem FME telur að horfa megi til sem tryggja mögulega fjármögnun innlána NKB ef þau hefðu borist til NKB með hefðbundnum hætti. Það er því mat FME að ekki sé eðlilegt að miða við stýrivexti Seðlabankans í samningi aðila, enda endurspegla þeir útlánavexti hjá Seðlabankanum og er þá litið til þess að vextir sem Dróma er ætlað að greiða eigi að standa undir kostnaði NKB við yfirtöku innlánanna, þ.e. fyrst og fremst kostnaði NKB af því að greiða vexti til innlánseigenda. Þá er heldur ekki sýnt fram á það af hálfu NKB að þeir þurfi að taka veðlán hjá Seðlabanka vegna innláns-skuldbindinga frá SPRON og því beri þegar á þessu stigi að taka tillit til slíks kostnaðar við ákvörðun vaxta. Ef til slíks kæmi og NKB bæri aukinn kostnað, kæmi slíkt hugsanlega til endurskoðunar að sex mánuðum liðnum að beiðni aðila.*
- *Þær forsendur sem NKB gefur sér varðandi vaxtaálagið (3,9%) er á því byggt að m.a. yfirtaka bankans á innlánnum og útgáfa lánsamnings feli í sér 100% áhættuvog í áhættugrunni samkvæmt reglum nr. 215/2007, þ.e. 100% eiginfjárbindingu, jafnframt gerir NKB ráð fyrir 15% CAD en ekki lágmarks CAD sem er 8%. Með hliðsjón af þeirri áhættu sem NKB tekur á sig telur Fjármálaeftirlitið hæfilegt álag vera 1,75%, en þá er jafnframt litið til þess að almennt séu REIBOR millibankavextir nokkuð hærri en vextir þeirra innlána sem NKB yfirtók.*
- *Eðlilegt er í þessu samhengi að miða við REIBOR millibankavexti, sem eins og orðalagið gefur til kynna, vísar til þeirra vaxta sem bjóðast á lánnum á millibankamarkaði. Þá skráir Seðlabanki Íslands á hverjum viðskiptadegi REIBOR millibankavexti. Er því um þekkt viðmið að ræða sem notast er við í framkvæmd.*
- *Hér er um sambærileg vaxtakjör að ræða og fordæmi eru fyrir í svipuðum tilvikum vegna yfirtekinna innláns-skuldbindinga.*
- *Vextir skuldabréfsins, REIBOR (9,3%) + 1,75% vaxtaálag, ættu miðað við núverandi aðstæður að standa undir kostnaði og áhættu vegna þessa samnings. Í því samhengi er bent á að hæstu*

innlánsvextir sem NKB hefur upp á að bjóða eru um 8,5% og þeir lægstu um 0,5% en vextir skuldabréfsins munu nema 11,05%. Komi fram nákvæmari upplýsingar um vaxtakostnað NKB vegna yfirtekinna lána væri það eitt þeirra atriða sem FME liti til komi til endurskoðunar á vöxtum síðar.

- *Endurskoðunarákvæðið tryggir að unnt sé að breyta vöxtunum m.t.t. aðstæðna á fjármálamörkuðum, þróunar á yfirteknunum innlánunum, kostnaði og áhættu sem NKB tekur á sig.*

III. Málsmeðferð

Mál þetta er tilkomið vegna beiðni stjórnar Dróma hf. um endurskoðun á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 5. júní 2009, um vaxtakjör og vaxtagreiðslur milli Arion banka hf. og Dróma hf. Barst sú beiðni til Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dags. 2. desember 2009. Af því tilefni óskaði Fjármálaeftirlitið eftir sjónarmiðum og athugasemdum Arion banka hf. vegna málsins, sem síðar bárust með bréfi til Fjármálaeftirlitsins, dags. 11. janúar 2010.

Fjármálaeftirlitið taldi þörf á fyllri upplýsingum og sjónarmiðum til að unnt væri að taka afstöðu til þess hvort tilefni væri til endurskoðunar umræddrar ákvörðunar. Óskaði Fjármálaeftirlitið því eftir svörum aðila við tilteknum spurningum. Voru erindi þess efnis send með bréfum, dags. 26. janúar 2010, til aðila. Barst Fjármálaeftirlitinu svar frá Arion banka hf. með bréfi, dags. 15. febrúar 2010, og frá Dróma, dags. 28. febrúar 2010.

Í bréfum Fjármálaeftirlitsins, dags. 7. apríl 2010, kom fram að aðstæður og forsendur hefðu skýrst frekar frá því að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 5. júní 2009, var tekin auk þess sem frekari reynsla væri komin á þróun yfirtekinna innlána. Í ljósi þessa ákvað Fjármálaeftirlitið að veita aðilum tækifæri til að ná samningum um vaxtakjör og vaxtagreiðslur á samningi um endurgreiðslu skuldar Dróma hf, til miðvikudagsins 28. apríl 2010. Voru frestir í kjölfarið ítrekað framlengdir að beiðni aðila til 1. júní 2010.

Þann 1. júní 2010 barst Fjármálaeftirlitinu bréf frá Arion banka hf. þar sem m.a. var lýst áhyggjum bankans af rekstri Dróma hf. og þróun á verðmæti eignasafns þess. Lýsti bankinn sig enn fremur reiðubúinn til að horfa með jákvæðum augum á afslátt á vaxtaálagi, enda væri slíkur afsláttur tengdur afborgunarmarkmiðum og almennri endurskoðun á fyrirliggjandi samningi. Var í bréfinu lögð áhersla á að Fjármálaeftirlitið myndi ekki gera breytingar á vaxtakjörum samningsins áður en frekari viðræður hefðu átt sér stað milli aðila. Þá lýsti bankinn sig reiðubúinn til að leggja sitt af mörkum til að ná sátt í málinu.

Þann 7. júní 2010 hélt Fjármálaeftirlitið fund með aðilum til að ræða um framgang viðræðna. Kom fram á fundinum að aðilar hefðu ekki enn náð samkomulagi um vaxtakjör né lokið frágangi á höfuðstól skuldarinnar. Veitti Fjármálaeftirlitið því aðilum frest til 21. júní 2010, annars vegar til að ljúka endanlegum frágangi á höfuðstól skuldarinnar og hins vegar til að komast að

samkomulagi um vaxtakjörin. Var aðilum enn fremur boðið að leggja fram frekari sjónarmið og gögn vegna málsins.

Þann 16. júní 2010 barst Fjármálaeftirlitinu afrit af tillögu Arion banka hf. um breytingu á vaxtakjörum milli Dróma hf. og Arion banka hf. Kom þar fram að bankinn væri reiðubúinn að fallast á að endurskoða vaxtakjörin enda væru þau sett í samhengi við afborganir höfuðstólsins. Var lögð á það áhersla að bankanum yrði bætt það útstreymi innstæðna sem átt hefði sér stað áður en til lækkunar vaxta kæmi. Þegar því marki yrði náð var mælt fyrir um að vextir myndu lækka um 15 til 30 punkta fyrir hverja tíu milljarða sem greiddust af höfuðstólnum, þannig að þegar höfuðstóll væri kominn niður í 10 milljarða hefðu vextir lækkað niður í REIBOR + 25 punkta vaxtaálag. Bankinn taldi ennfremur að samhliða breytingum á vaxtaálagi þyrfti að gera tilteknar breytingar á samningnum varðandi upplýsingaskyldu og uppgjör. Óskaði bankinn viðbragða Dróma hf. við framangreindum tillögum.

Þann 21. júní 2010 barst Fjármálaeftirlitið bréf frá Dróma hf. Í bréfinu voru gerðar athugasemdir við þær röksemdir sem settar höfðu verið fram af hálfu Arion banka hf. í bréfi, dags. 15. febrúar 2010, og á fundi þann 7. júní 2010. Í bréfinu kom ennfremur fram að stjórn Dróma hf. hafði hafnað tillögum Arion banka hf., um endurskoðun vaxtaálags með tengingu við afborganir höfuðstóls, enda fæli tillagan í sér hærri vaxtakjör en rök stæðu til auk þess sem stjórnin taldi hugmyndirnar stríða gegn ákvæðum laga um slitameðferð fjármálafyrirtækja sem áttu að koma í veg fyrir að eignir yrðu seldar á „brunaútsölu“.

Með bréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 20. júlí 2010, lýsti Fjármálaeftirlitið því að þörf væri á frekari upplýsingum frá Arion banka hf. Var í því samhengi óskað svara við tilteknum spurningum er síðar bárust frá bankanum með bréfi, dags. 6. ágúst 2010. Í bréfinu kom enn fremur fram að bankinn stefndi að því að halda fund með forsvarsmönnum Dróma til að ræða tölulegar forsendur, en meðal þeirra mála sem leysa þyrfti væri meðhöndlun einstakra innlána auk þess sem meta þyrfti þá yfirdrætti sem eftir hefðu orðið í bankanum.

Þann 5. nóvember 2010 hittust fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og Arion banka hf. á fundi vegna málsins. Taldi bankinn í framhaldinu nauðsynlegt að koma á framfæri skriflega þeim sjónarmiðum sem höfð voru uppi af hans hálfu á fundinum. Bárust þau með bréfi, dags. 10. nóvember 2010. Í bréfinu kom fram að samningar hefðu ekki tekist milli aðila og því væri sýnt að Fjármálaeftirlitið yrði að skera á hnútinn. Í bréfinu sagði enn fremur að engin rök stæðu til þess að vaxtakjörin yrðu lækkuð frá því sem nú væri. Taldi bankinn þvert á móti að hækka ætti kjörin svo að þau yrðu a.m.k. jafnhá og þau væru hjá þeim aðilum sem hefðu best lánshæfi í íslensku rekstrarumhverfi. Lagði bankinn því til að vaxtakjörum yrði breytt á þann veg að Drómi greiddi REIBOR að viðbættu 2,5% vaxtaálagi frá næstu ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Með tölvubréfi, dags. 12. nóvember 2010, gaf Fjármálaeftirlitið Dróma hf. kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum vegna fyrrgreinds bréfs Arion banka hf. Barst Fjármálaeftirlitinu svar frá Dróma hf., dags. 2. desember 2010, þar sem m.a. kom fram að Drómi hf. fengi ekki séð að ný efnisleg rök væru komin fram í málinu. Þá mótmælti Drómi hf. sérstaklega kröfu Arion banka hf. um hækkun á vaxtaálagi.

IV. Kröfur og sjónarmið aðila varðandi vaxtakjör og vaxtagreiðslur

Kröfur og sjónarmið Dróma hf.

Líkt og fyrr greinir fór stjórn Dróma hf. fram á endurskoðun á vaxtaákvörðun Fjármálaeftirlitsins með svohljóðandi tillögu:

Stjórn Dróma hf. fer fram á að FME endurskoði ákvörðun um vaxtakjör og vaxtagreiðslur milli Arion banka hf. og Dróma hf. á þann veg að álagið miðaðist við vegna meðalvexti óverðtryggðra innlána Arion banka hf. á hverju sex mánaða tímabili + 0,10-0,125% álag, vegna kostnaðar Arion banka hf. af innlánnum.

Helstu sjónarmið Dróma hf. fyrir endurskoðun ákvörðunarinnar eru í samandregnu formi eftirfarandi:

- Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 21. mars 2009 kom fram að tryggja skuli að vextir skuldarinnar standi undir kostnaði og áhættu vegna gjörningsins, en ekki að Arion banki hefði ávinning af henni eins og eigi við um hefðbundnar lánveitingar. Nú liggja fyrir ríkisábyrgð á skuldaskjalinu milli Dróma hf. og Arion banka hf. Í því felist að skuldbindingin hafi ekki áhrif á eiginfjárbindingu Arion banka hf. og falli ekki undir stórar áhættuskuldbindingar.
- Vaxtamunur hafi aukist töluvert frá því ákvörðunin hafi verið tekin. Vegnir meðal innlánsvextir Arion banka hf. séu umtalsvert lægri en vextir skuldaskjalsins.
- Kostnaður vegna innlána sé 0,10 – 0,125% af stöðu skuldaskjalsins á hverjum tíma.
- Áhætta af hugsanlegu útstreymi af innlánsreikningum frá Arion banka hf. hafi ekki verið fyrir hendi um allnokkurt skeið. Um áramótin 2009-2010 hefði 4,9 ma.kr. verið ráðstafað inn á skuld Dróma hf. gagnvart Arion banka hf. og heildargreiðslur á fyrstu 11 mánuðunum numið um 10,5 ma.kr. Gengið hefði verið frá samningi um lausafjárþyrirgreiðslu stjórnvalda vegna hinna yfirteknu innlána.
- Ákvörðun um áframhaldandi háa vaxtabyrði framlengi neikvæðan vaxtamun hjá Dróma hf. sem stríði gegn markmiði laga nr. 44/2009, þar sem ástæða hefði þótt til að kveða á um að slitastjórnum væri ætlað að bíða með það eftir þörfum að koma eignum í verð.

Um frekari sjónarmið og rökstuðning Dróma vísast til fyrirliggjandi gagna og upplýsinga í málinu.

Kröfur og sjónarmið Arion banka hf.

Að mati Arion banka hf. hafa forsendur ekki breyst með neinum hætti sem gæti gefið tilefni til lækkunar á vöxtum frá því að FME tók ákvörðun um vaxtakjör á skuldinni.

Helstu sjónarmið Arion banka hf. fyrir afstöðu sinni eru í samandregnu formi eftirfarandi:

- Gera verði ráð fyrir kostnaði af iðgjaldi vegna innstæðutryggingarsjóðs.
- Varfærnislegt mat Arion banka hf. sé að rúmlega 16 ma.kr. (11. ma.kr. rýrnun á lausu fé að teknu tilliti til inngreiðslna af hálfu Dróma hf.) af yfirteknum innlánnum hafi verið færðir til annarra fjármálastofnana sem taka verði tillit til við skoðun á þeim kostnaði sem Arion banki hf. hafi orðið fyrir vegna rýrnunar á lausu fé og þeirrar lausafjárahættu sem bankinn búi við. Útstreymi innlánanna hafi haft bein neikvæð áhrif á lausafjárhlutfall bankans.
- Greiðslustreymi veðsettra eigna nái ekki að standa undir vaxtagreiðslum, hvað þá afborgunum. Eignir séu lakari en bókfært virði þeirra hafi gefið til kynna. Færa megi rök fyrir því að greiðslufallsáhætta sé ekki ótengd undirliggjandi eignasafni enda miklar líkur á að meirihluti höfuðstóls verði ógreiddur árið 2014 eða seinna.
- Alþekkt sé að hluti af vaxtaálagi banka á útlánnum stafi af gæðum trygginga og tímalengd útlána, því lengri sem lánstíminn sé því hærra verði álagið. Lengri lánstími felur m.a. í sér meiri lausafjárahættu og aukna endurfjármögnunaráhættu vegna misvægis í tímalengd eigna og skulda.
- Skuldabréf að teknu tilliti til skaðleysisyfirlýsingar þurfi að bera mun hærra vexti en ríkisskuldabréf til samsvarandi tíma, enda sé það illseljanlegt, hafi mjög óreglulegt greiðsluflæði og lokagjalddagi sé ótilgreindur og hæfi þess til endurhverfra viðskipta sé mun lakara.
- Því sé hafnað af hálfu bankans að vaxtaálag verði miðað við innlánsvexti, en slíkt sé grundvallarbreyting á fyrri úrskurði FME um að vextir skyldu reiknaðir sem REIBOR að viðbættu hæfilegu álagi. Sú ákvörðun væri forsenda þess að Arion banki hafi fallist á umrætt samkomulag.

Ekki verður sérstaklega vikið að tillögum Arion banka hf. um lækkun lánsvaxta í föstum skrefum í hlutfalli við lækkun höfuðstóls skuldarinnar, en Arion banki hf. féll síðar frá þeim tillögum og taldi engin rök standa til þess að vaxtakjör yrðu lækkuð. Þess í stað setti Arion banki hf. fram þær kröfur að vaxtakjörum yrði breytt í þá veru að Drómi hf. greiddi REIBOR að viðbættu 2,5% vaxtaálagi. Helstu sjónarmið bankans fyrir þeirri afstöðu eru í samandregnu formi eftirfarandi:

- Margt bendi til þess að minni líkur séu á því að Drómi muni geta staðið undir skuldbindingum sínum og meiri líkur séu á að reyna muni á skaðleysisyfirlýsinguna.

- Úrvinnsla og sala á eignasafni Dróma hafi ekki gengið eins vel og vonast var til og því séu endurgreiðslur inn á lánið lægri en talið var. Eignasafnið hafi orðið fyrir alvarlegum áföllum, sér í lagi íbúðalánasafn Frjálsa fjárfestingabankans.
- Skaðleysisyfirlýsingin hafi ekki lagastoð.
- Sé miðað við fjögurra ára lán, með sambærilegri ábyrgð, til annars vegar Landsvirkjunar og hins vegar Orkuveitu Reykjavíkur myndi bankinn fara fram á REIBOR að viðbættu ríflega 3,0% vaxtaálagi á láni til Orkuveitunnar en REIBOR að viðbættu um 2,6% álagi á láni til Landsvirkjunar.

Um frekari sjónarmið og rökstuðning Arion banka hf. vísast til fyrirliggjandi gagna og upplýsinga í málinu.

V. Rökstuðningur og niðurstaða

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 5. júní 2009, vegna ágreinings um vaxtakjör og vaxtagreiðslur, kemur fram að eftirlitinu sé heimilt að taka ákvörðunina til endurskoðunar að beiðni aðila á sex mánaða fresti og þá að teknu tilliti til aðstæðna á fjármálamarkaði, þróunar á yfirteknum innlánnum, kostnaði og áhættu sem Arion banki hf. tekur á sig, sem og öðrum atvikum. Fór stjórn Dróma fram á slíka endurskoðun þann 2. desember 2009.

Í málinu liggur fyrir að aðilar hafa ekki, þrátt fyrir ítrekaðar frestsveitingar, náð saman um endurskoðun á vaxtakjörum á samningnum um endurgreiðslu skuldar milli Arion banka hf. og Dróma hf. Þess í stað hafa aðilar málsins vísað málinu til úrlausnar hjá Fjármálaeftirlitinu. Þar sem ágreiningur ríkir meðal aðila um vaxtakjörin er enn fremur ljóst að Fjármálaeftirlitið þarf að skera úr þeim ágreiningi, sbr. 4. tl. ákvörðunar eftirlitsins þann 17. apríl 2009 um aðra breytingu á ákvörðun eftirlitsins þann 21. mars 2009 um ráðstöfun eigna og skulda SPRON hf.

Í ljósi ofangreinds hefur Fjármálaeftirlitið nú tekið málið til skoðunar m.a. með hliðsjón af röksemdum aðila um vaxtakjör og vaxtagreiðslur. Við úrlausn málsins leit Fjármálaeftirlitið einkum til þess að vextir skuldabréfsins myndu standa undir kostnaði og áhættu vegna þessa gjörnings. Ítarlega hefur verið farið yfir vaxtakostnað Arion banka hf. af innlánnum, bæði þeim sem yfirtekin voru frá SPRON hf. og almennt hjá bankanum. Þessi kostnaður hefur verið borinn saman við vaxtatekjur af umræddu skuldaskjali og benda gögn til þess að kostnaður Arion banka hf. sé lægri heldur en tekjur, en eins og áður segir þarf þó að líta til fleiri kostnaðarþátta og hvernig þeir hafa þróast.

Þau rök og sjónarmið sem lögð eru til grundvallar ákvörðun Fjármálaeftirlitsins nú eru eftirfarandi:

1. Í málinu liggur fyrir að mjög hefur dregið úr áhættu Arion banka hf. frá því að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 5. júní 2009, var tekin. Ástæðu þessa má í fyrsta lagi rekja til skaðleysisyfirlýsingar fjármálaráðuneytisins, dags. 20. ágúst 2009, en áhrif hennar hafa í för með sér að eiginfjárbinding vegna skuldaskjalsins verður engin. Þá liggur fyrir að Arion banki hf. hefur tekið tillit til skaðleysisyfirlýsingarinnar í skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar. Fæst því ekki annað séð en að bankinn líti svo á að núverandi skaðleysisyfirlýsing sé fullnægjandi.
2. Í öðru lagi hefur sú óvissa sem fylgdi innlánaafninu og áhættan af hugsanlegu ústreymi innlána minnkað (lausafjárahætta), m.a. vegna samnings um sérstaka lausafjárýrigræðslu af hálfu stjórnvalda að fjárhæð 75 ma.kr., sem undirritaður var þann 3. september 2009, vegna þeirra innlána sem Arion banki hf. tók yfir. Samningurinn var útfærður nánar með samningi í október 2010 og liggur fyrir að Arion banki hefur nýtt sér þá sérstöku lausafjárýrigræðslu. Þá liggur fyrir í málinu að Drómi hf. var búinn að greiða um 18. ma.kr. inn á ráðstöfunarreikning skuldaskjalsins m.v. 05.07.2010.
3. Gögn og upplýsingar benda til þess að kostnaður Arion banka hf. af hinum yfirteknu innlánum sé orðinn lægri en tekjur bankans af skuldaskjalinu.
4. Fjármálaeftirlitið telur að viðmiðun við REIBOR vexti hafi sýnt sig að vera vel viðeigandi sem viðmiðun um vaxtagjöld af skuldaskjalinu. Seðlabankinn skráir á hverjum viðskiptadegi REIBOR vexti og því um þekkt viðmið að ræða sem notast er við í framkvæmd.
5. Með hliðsjón af þessum breyttu forsendum telur Fjármálaeftirlitið ekki þörf á að taka til endurskoðunar grunnvexti skuldaskjalsins, þ.e. hina svonefndu REIBOR vexti. Hins vegar hafa forsendur breyst varðandi hið sérstaka vaxtaálag ofan á REIBOR vextina. Áhætta hefur minnkað, að því er varðar mótaðila- og lausafjárahættu. Ekki eru lengur horfur á því að stór hluti innlánseigenda flytji innstæður sínar, eins og óljóst var með í upphafi þessa máls. eru því að mati Fjármálaeftirlitsins ekki lengur forsendur fyrir því að kveða á um sérstakt álag ofan á grunnvextina.
6. Grunnvextir skuldaskjalsins, REIBOR (nú 4,25%), ættu miðað við aðstæður að standa undir kostnaði og áhættu vegna þessa samnings. Er þá tekið tillit til þeirrar áhættu Arion banka hf. sem felst í óvæntum sveiflum í fjárstreymi á samningstímanum, en slík áhætta getur haft í för með sér aukinn fjármagnskostnað fyrir bankann. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu Arion banka hf. að það beri þegar á þessu stigi að taka tillit til aukins kostnaðar vegna óvissu um uppgjör á skuldaskjalinu árið 2014.

7. Endurskoðunarákvæðið tryggir að unnt sé að breyta vöxtunum m.t.t. aðstæðna á fjármálamörkuðum, þróunar á yfirteknum innlánnum, kostnaði og áhættu sem Arion banki hf. tekur á sig.

Við ákvörðun um tímasetningu gildistöku þessarar ákvörðunar hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að aðilum var ítrekað veitt tækifæri til að ná samningum um vaxtakjör og vaxtagreiðslur, allt til loka júní 2010. Er þegar af þeirri ástæðu talið rétt að miða upphafstíma hinnar nýju vaxtaákvörðunar við fyrsta dag næsta mánaðar þar á eftir, þ.e. 1. júlí 2010, en þá var að mati Fjármálaeftirlitsins ljóst að aðilar myndu ekki ná saman og sýnt að Fjármálaeftirlitið þyrfti að skera úr þeim ágreiningi, sbr. 4. t.l. ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda SPRON hf. Þar að auki hefur Fjármálaeftirlitið, við ákvörðun um upphafstíma, tekið tillit til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um úttektir yfirtekinnna innstæðuskuldbindinga SPRON hf. (um 16. ma.kr.) í kjölfar flutnings þeirra til Arion banka hf. og þeirra inngreiðslna sem Drómi hf. hefur innt af hendi til Arion banka hf., en um mitt ár 2010 hafði Drómi hf. greitt til bankans um 18. ma.kr.

ÁKVÖRÐUN:


Það er ákvörðun Fjármálaeftirlitsins að skuldin skuli bera ársvexti, sem skulu vera jafnir eins mánaðar vöxtum á íslenskum millibankamarkaði (REIBOR vöxtum eins og þeir eru skráðir af Seðlabanka Íslands skv. 7. gr. reglna Seðlabanka Íslands nr. 177 frá 16. mars 2000 um viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum) að viðbættu 1,75% vaxtaálagi frá yfirtökudegi til og með 30. júní 2010, en án vaxtaálags frá þeim tíma þar til skuldin hefur verið að fullu greidd upp. Vextir skulu reiknast frá yfirtökudegi innlána og skulu greiðast mánaðarlega inn á reikning sem kröfuhafi tilgreinir. Vextir reiknast þannig að á ársgrundvelli er margfaldað með fjölda daga og deilt í með 360.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka ákvörðun þessa til endurskoðunar að beiðni aðila á sex mánaða fresti og þá að teknu tilliti til aðstæðna á fjármálamarkaði, þróunar á yfirteknum innlánnum, kostnaði og áhættu sem Arion banki hf. tekur á sig, sem og öðrum atvikum.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

4. febrúar 2011

Lilja Ólafsdóttir
Formaður stjórnar



9

Gunnar Þ. Andersen
Forstjóri

